

EFNI:

Brjóstagjöf ungbarna bls. 1

Hvenær byrja Íslendingar að reykja? bls. 2

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 17
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

BRJÓSTAGJÖF UNGBARNA

Á næstunni verður úttekt Embættis landlæknis á brjóstagjöf og næringu ungbarna gefin út. Niðurstöður hennar byggja á gögnum skráðum í ung- og smábarnavernd Sögukerfisins á öllum heilsugæslustöðvum landsins og varða börn fædd á árunum 2004–2008.

Meðfylgjandi mynd sýnir brjóstagjöf barna eftir aldri. Hún sýnir annars vegar hlutfall þeirra barna sem var eingöngu á brjósti og hins vegar hlutfall þeirra barna sem fékk einhverja brjóstamjól, þ.e. brjóstamjól eingöngu, aðallega brjóstamjól og brjóstamjól með öðru. Gögn frá heilsugæslustöðvum fyrir börn fædd á árunum 2004–2008 sýna að 86% viku gamla barna voru eingöngu á brjósti en nokkuð fleiri börn fengu brjóstamjól með ábót (98%). Niðurstöðurnar sýna enn fremur að 8% sex mánaða gamla barna voru eingöngu á brjósti en 74% barna á sama aldri voru að einhverju leyti á brjósti. Þá fékk ríflega helmingur átta mánaða gamla barna einhverja brjóstamjól (61%) en tæpur þriðjungur eins árs gamla barna (27%).


Til þess að setja hlutina í samhengi er mælt með því bæði í íslenskum og alþjóðlegum

ráðleggingum að ungbörn neyti eingöngu brjóstamjólur frá fæðingu til sex mánaða aldurs, sé þess nokkur kostur. Að auki mælir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin með áframhaldandi brjóstagjöf með annarri fæðu í allt að tvö ár eða lengur. Sé tekið mið af þessum ráðleggingum verður hlutfall barna sem eru eingöngu á brjósti hálfis árs gömul því að teljast nokkuð lágt hér á landi þó að vissulega séu þeir fjórðu allra barna á sama aldri enn á brjósti að einhverju leyti.

Þetta er í fyrsta skipti sem gögn um brjóstagjöf og næringu ungbarna á Íslandi eru tekin saman með rafrænum hætti. Með rafrænni skráningu á heilsugæslustöðvum gefst einstakt tækifæri til þess að afla ítarlegra upplýsinga, m.a. um brjóstagjöf og næringu ungbarna, með tiltölulega einföldum og fljótverkum hætti. Upplýsingarnar gera svo heilbrigðisfyrirvöldum og heilbrigðisstarfsfólki kleift að fylgjast með stöðu brjóstgjafar á Íslandi og veita foreldrum sem bestar faglegar ráðleggingar á fyrstu æviárum barna þeirra.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Bryndís Elfa Gunnarsdóttir



Hlutfall barna á brjósti (eingöngu, aðallega og með öðru) og eingöngu á brjósti eftir aldri barna fæddra á árunum 2004–2008.

*Niðurstöður
könnunar á heilsu
og líðan Íslendinga
frá árinu 2007
benda til þess að
þriðjungur
Íslendinga hafi
byrjað að reykja á
aldrinum 15–19 ára.*

HVENÆR BYRJA ÍSLENDINGAR AÐ REYKJA?

Niðurstöður spurningalistakönnunar á heilsu og líðan Íslendinga frá árinu 2007 benda til þess að þriðjungur Íslendinga hafi byrjað að reykja á aldrinum 15–19 ára (sjá mynd). Jafnframt sýna niðurstöðurnar að um 44% Íslendinga hafa aldrei byrjað að reykja. Könnunin náði til fólks á aldrinum 18–79 ára og voru þátttakendur meðal annars spurðir hvað þeir voru gamlir þegar þeir byrjuðu að reykja. Meðfylgjandi mynd byggir á svörum við þeirri spurningu en rétt er að benda á að stór hluti, 58%, þeirra sem einhvern tíma höfðu reykt voru hættir því þegar þessi könnun var gerð (niðurstöður ekki sýndar á mynd).

Ljóst er að hátt hlutfall þeirra sem byrjuðu að reykja á aldrinum 15–19 ára er tilkomið að hluta vegna reykingavenja eftir miðja síðustu öld. Rannsóknir síðustu áratuga í grunnskólum benda til þess að tíðni reykinga íslenskra grunnskólabarna fari sífellt minnkandi og því mun meðfylgjandi mynd breytast eftir því sem nýjar kynslóðir komast á fullorðinsaldur. Einnig má ætla að hærri dánartíðni þeirra sem reykja breyti þessari mynd til lengri tíma.


Árlegar kannanir á reykingavenjum Íslendinga, sem framkvæmdar hafa verið um langt skeið benda til þess að tíðni reykinga meðal fullorðinna Íslendinga hafi farið ört minnkandi. Lækkandi tíðni reykinga er fyrst og fremst tilkomin vegna þess að stærri og stærri hluti hvers árgangs kys að byrja ekki að reykja en einnig vegna þess að sífellt fleirum tekst að hætta að reykja.

Myndin sýnir jafnframt að ef fólk byrjar ekki að reykja fyrir 25 ára aldurinn þá eru mjög litlar líkur á að það byrji nokkurn tíma. Forvarnarstarf síðustu áratuga hefur tekið mið af þessari aldursdreifingu þó að tölfræðileg greining hafi ekki alltaf legið fyrir. Niðurstöðurnar staðfesta að rétt hafi verið að beina forvarnarstarfi að ungu fólki samhliða því að aðstoða fólk á öllum aldri við að hætta.

Jón Óskar Guðlaugsson

Stefán Hrafn Jónsson

Viðar Jensson



Hlutfall núlifandi Íslendinga sem byrjuðu að reykja á tilteknum aldri (vegnar hlutfallstölur).